

EFTIRLITSSKÝRSLA

Matfugl - Melavellir Melavellir, Kjalarnes



| | | | |
|---------------------|----------------------|-------------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits | 5.6.2018 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Einar Halldórsson |
| Fyrirtæki | Matfugl - Melavellir | Eftirlitsmaður | Sverrir Aðalsteinn Jónsson |
| Heimili | Völuteigur 2 | Tegund eftirlits | Reglubundið fyrra eftirlit |
| Kennitala | 471103-2330 | Flokkur | Pauleldi |
| Fulltrúi fyrirtækis | Tómas Jónsson | ÍSAT nr. | 10.12.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrsta eftirlit Matfugls hjá Umhverfisstofnun en rekstraraðili hefur starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur sem gildir frá 3. apríl 2017 til 3. apríl 2029. Eftirlit færðist yfir til Umhverfisstofnunar með breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir 1. júlí 2017. Eitt frávik kom fram frá starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á fundi þar sem rætt var starfsemi fyrirtækisins. Rekstraraðili hefur leyfi fyrir 132.000 eldisstæðum en kom því á framfæri að æskilegra væri að gefa út starfsleyfi á hámarksfjölda fugla á hvern fermeter eins og reglugerð um velferð alifugla nr.135/2015 segir til um. Aldrei er full nýting á öllum húsunum.

Rætt var um söfnun, geymslu og dreifingu fuglaskíts skv. kafla 2. í starfsleyfi. Fuglaskítnum er safnað á gámaplan en gámarnir eru losaðir í hauggeymslu að Hurðarbaki þar sem Matfugl rekur annað alifuglabú. Skítnum er svo dreift af bændum á tún í Hvalfjarðarsveit.

Rætt var um meðhöndlun úrgangs skv. kafla 3 í starfsleyfi. Dýrahæ eru geymd í lokuðum gámi sem er tæmdur vikulega á sumrin en á tveggja vikna fresti á veturnar. Gámarnir eru sótthreinsaðir og þrífir eftir að móttökuaðili hefur tekið við úrgangnum.

Skv. starfsleyfi þarf að aðlaga skal fódurgjöf fugla að því að lágmarka losun næringarefna í úrgangi, í samræmi við BAT kröfur. Fóðrið er allt aðkeypt og uppfyllir umræddar kröfur að sögn rekstraraðila. Sjálfvirkur skammtari sér svo um æskilega fódurgjöf fuglanna. Hreinsivirki er á fóðurtönkum til að takmarka rykmengun.

Skv. grein 4.3 ber að fjarlægja úrgang fugla ört og þurrka hratt til að minnka losun á ammoníaki á eldisstað. Eftir eldistíma hvers hóps sem er 35 dagar er úrgangur mokaður út og stæðin hreinsuð. Rakamælar eru í öllum húsum og skv. rekstraraðila er æskilegt rakastig um 60% sem snýr að þægindaramma fuglanna. Rætt var einnig um losun fráveituvatns en safnað er í settanka sem eru losaðir reglulega.

Farið var yfir ákvæði í kafla 5 í starfsleyfi en skýrslur, fódurnotkun og magn fylgir hverjum framleiðsluhóp. Skv. rekstraraðila eru engin efni á svæðinu sem geta orðið að spilliefnum engin mengunaratvik komið upp. Upplýsinga og skráningar skv. kafla 5 skulu liggja frammi og vera geymdar í a.m.k. 4 ár og skal eftirlitsaðili hafa aðgang að upplýsingunum.

Að lokum var farið í skoðunarferð um svæðið. Kíkt var á gámaplan, gám fyrir dýrahæ og inn í eldishús ásamt því að skoða umhverfis húsin. Að mestu var haldið vel utan um svæðið en þrær hefðu fyllst vikna áður og flætt upp úr á gras. Timburúrgangur var þá í gili norðan megin við verksmiðjuna en rekstraraðili kannast ekki við uppruna þess.

Frávik frá

grein 1.1 í almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.

Lýsing á frávik

Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að ekki safnist þar fyrir úrgangur. Óþekktur timburúrgangur er í gili norðan megin við verksmiðjuna.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu

Reykjavík, 09.08.2018

Einar Halldórsson

